

Sþ.

137. Tillaga til þingsályktunar

[92. mál]

um rannsókn á nýtingu hveraorku til fódurframleiðslu.

Flm.: Páll Kristjánsson, Björn Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hið fyrsta rannsaka, hvort hagkvæmt sé að nýta hvera- og jarðhitaorku, sem fyrir hendi er í Reykjahverfi í Suður-Þingeyjarsýslu, til fódurframleiðslu í sambandi við ræktanleg landssvæði, sem þar eru nálæg.

Greinargerð.

Í Reykjahverfi í Suður-Þingeyjarsýslu er mikið hvera- og jarðhitasvæði, sem býr yfir mikilli óbeizlaðri orku, er ekki hefur verið nýtt hingað til, svo að nokkru nemi. Umhverfis og í námunda við hverasvæðið eru geysimikil landssvæði, m. a. svonefnd Hvammsheiði, sem eru ágætlega til ræktunar fallin, en eru enn að langmestu leyti óbrotið land. Sú staðreynd, að þarna fara saman miklir ónytjaðir landkostir og jarðhitaorka, hefur leitt hugi manna að því, hvort ekki væri unnt að nýta þessi náttúrugæði samhliða, og virðist þá mjög koma til greina, að samhliða ræktun landsins verði komið upp heymjölsvinnslu eða annarri hliðstæðri framleiðslu á búfjárfóðri.

Þær tilraunir, sem hingað til hafa verið gerðar með framleiðslu slíks fódurs, virðast gefa góðar vonir um, að hér sé um að ræða framleiðslu, sem geti sparað verulega innflutning á kornvörum til fódurs, og trúlegt er, að hér sé einnig fundin hagkvæm leið til þess að jafna fóduröflun milli ára og milli héraða, þegar heyöflun bregzt að meira eða minna leyti í einstökum sveitum eða landshlutum. Þá virðist einnig nauðsynlegt, að rannsakað sé, eftir því sem unnt er, hvort heymjöl, heykögglar og hliðstæð framleiðsla getur ekki orðið arðvænleg útflutningsframleiðsla, þar sem skilyrði eru hagstæð. Við tilraunir þær við framleiðslu heymjöls, sem gerðar hafa verið, hefur einvörðungu verið notuð olía til að knýja þær vélar, sem framleiðslan þarfnast, en flm. telja, að nauðsynlegt sé að rannsakað verði til hlítar, hvort nýting hveraorku og annars jarðhita komi ekki til greina við slíka framleiðslu og hvort slík orka geti ekki lækkað framleiðslukostnað mjög verulega. Yrði sú reyndin á, mun vart finnanleg heppilegri staðsetning fyrir framleiðslu af þessu tagi en í Reykjahverfi. Er þessi þáttill. flutt í þeim tilgangi að fá úr því skorið, hvort hér er ekki um þjóðhagslegt hagsmunamál að ræða.